

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar  
nr. 359 21. júlí 1975.**

24. gr. orðist svo:

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs. Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal það kjósa sér formann og varaformann. Þeir flokkar, sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði mega tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurétt. Formaður bæjarráðs stýrir fundum þess.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri, að jafnaði á mánudegi. Aukafundi skal halda, ef formaður eða bæjarstjóri ákveða það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglum nr. 351 25. júní 1982, um staðsetningu,  
losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip  
og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta.**

1. gr.

4. gr. 2. orðist þannig:

Við fyrstu búnaðarskoðun annarra skipa, sem gerð verður eftir 1. september 1983, skal hvert skip vera með búnaði samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Á eftir 4. gr. 2. komi nýr liður, sem verður 4.3. þannig:

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að veita frest, ef vandkvæði verða á að framkvæma nauðsynlegar breytingar.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*